

M-24/2018. Álit 22. nóvember 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. nóvember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-24/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 28. mars 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar á kaupunum eða skaðabóta og afsláttar.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreið af gerðinni Ford Escape árgerð 2004 fyrir 540.000 krónur. Degi eftir kaupin hafi bifreiðin hins vegar orðið ógangfær og kostnaðarmat vegna viðgerða var tæplega 740.000 krónur.

Hinn 17. október 2018 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir því að álitsbeiðandi sendi nefndinni gögn til stuðnings máli sínu, en engin gögn hafa verið lögð fram í málinu. Óskað var eftir umbeðnum gögnum innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfsins, ella yrði málinu vísað frá.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafu aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson